

STEFNUSKRÁ

ALPÝÐUFLOKKSINS Á ÍSLANDI

REYKJAVÍK — PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG — 1922

I. INNGANGUR.

Alþýðuflokkurinn telur núverandi þjóðfélagskipulag ófullkomið og ranglátt, þar sem m. a.:

- a) Allur þorri hins starfandi lýðs lifir við fátækt, sökum þess, að hann á engin framleiðslutæki (land, hús, vélar og önnur mannvirki á því, skip, veiðarfæri o. s. frv.) og verður að selja eigendum þeirra vinnuaf sitt til þess að geta framfleytt lífinu. Framleiðslutækin eru eign tiltölulega fárra einstakra manna, og atvinnuvegirni, (framleiðslan og viðskiftin) reknir af þeim, með hagnað þeirra einn fyrir augum, án tillits til þarfa eða hagsmuna þjóðfélagsbeiddarinnar. Vinnan ein er uppspretta allra auðæfa. Hinn starfandi lýður ætti því að eiga allar afurðir framleiðslunnar, en með núverandi þjóðfélagskipulagi verður vinnan vara, sem atvinnurekendurnir kaupa ætíð lægsta verði, sem þeir eiga kost á, án tillits til lífsþarfa þeirra, sem vinna. Fátækt og atvinnuskortur verkalyðsins eru því bein skilyrði þess, að atvinnurekendurnir geti fengið ódyrt vinnuaf. En gróði atvinnurekandanna er mis-

munurinn á kaupum því, sem þeir gjalda, og sannvirði vinnunnar. Með þessu skipulagi verður rekstur atvinnuveganna óhagsýnn og óskipulegur og hljóta við og við að leiða af því kreppur, sem auka á atvinnu- og nauðsynjaskort verkalyðsins og eru þjóðarból.

b) Auðmennirnir hafa alt vald á stjórnmalum, meðan þeir ráða yfir atvinnuvegunum, þótt svo heiti í orði kveðnu, að fult þjóðræði sé og almenningur hafi takmarkalitinn kosningarrétt og kjörgengi. Þessa valds neyta valdafarnir til þess að halda við núverandi þjóðfélagsskipulagi.

c) Sökum þess að auðmennirnir hafa ríkisvaldið í sínum höndum, hafa þeir vald yfir andlegu lífi þjóðarinnar. Þess neyta þeir með tilstyrk blaða, bóka, skóla, kennimanna o. s. frv. til þess að ala og halda við þeim hugsunarhætti, sem er undirstaða núverandi þjóðfélagsskipulags, auðvaldsskipulagsins.

Nú stefnir framþróun atvinnuveganna í þá átt, að allur atvinnurekstur verði í sem stærstum stíl. Samkeppnin er að hverfa. Samvinna fjöldans er því nauðsynlegt skilyrði fyrir viðgangi atvinnuveganna, og viðgangur þeirra skilyrði vaxandi menningar. En samvinna þessi verður að vera byggð á jafnréttisgrundvelli ef þjóðfélaginu á að vegna vel.

II. STEFNUMARK.

Alþýðuflokkurinn vinnur að því að koma á nýju þjóðfélagsskipulagi þar sem:

Öll framleiðslutæki séu þjóðareign og framleiðslan rekin af hinu opinbera af vísindalegri hagsýni með þarfr þjóðarinnar allrar fyrir augum. Afurðum framleiðslunnar sé varið til þess að tryggja hverjum einstaklingi, sem leggur af mörkum svo mikið andlegt eða líkamlegt starf, sem geta og góð heilbrigði leyfir, svo og þeim, sem ekki getur starfað, fullnægning allra gagnlegra lífsþarfa, andlegra og líkamlegra, sem þjóðfélagið ræður yfir.

III. AÐFERÐIR.

Þessar eru þær höfuðaðferðir, sem flokkurinn beitir til þess að komast áleiðis að settu marki.

1. Verkalýðssamtök.

Verkalýðsfélög skal stofna og efla í hverri atvinnugrein til þess að halda uppi viðunanlegum vinnulaunum, meðan núverandi launafyrirkomulag helst, og varna því, að auðmenn og atvinnurekendur geti kúgað eða beitt órétti í atvinnubrögðum einstaka menn eða atvinnugreinar með of lágu kaupi, of löngum vinnutíma, ónógri trygging gegn slysum og heilsu-

spilli eða á annan hátt, — og vinni félagin að öðru leyti í samræmi við stefnuskrá Alþýðuflokksins.

2. Almenn fræðsla.

Með blöðum, bókum, námsskráum, fyrirlesturum og vitræðum skal kosta kapps um að auka þekkingu alþýðumanna á almennum þjóðfélagsmálum, mannréttindum og mannfélagsskyldum. Leggja skal sérstaka áherslu á þessi meginatriði:

Að mennirnir eru bræður og eiga að starfa sem samverkamenn en ekki sem keppinautar.

Að allir hafa jafnan rétt til að lifa og hagnýta hæfileika sína.

Að vinnan er móðir allrar velmegunar.

Að enginn maður má hafa hag af því, sem er annars manns óhagur.

Að enginn má eiga eign, sem hann notar eða getur notað til skaða fyrir þjóðfélagsheildina eða einstakar deildir hennar.

3. Samvinna í framleiðslu og verzlun.

Stofna skal samvinnu- og sameignarfyrirtæki í framleiðslu og verzlun, svo öflug og svo víða sem við verður komið. Í framleiðslu skal komið á rekstursfyrirkomulagi með sameignarsniði, svo að verkamennirnir losni undan oki daglaunafyrirkomulagsins og verði sínir eigin herrar og þjónar. Í verzlun skal með sameignarkaupfélögum

reynt að vinna bug á hinni siðgæðissnaudu kaupskaparstefnu auðvaldsins.

4. Þátttaka í löggjöf og stjórnmálum.

Alþýðuflokkurinn skal leitast við af fremsta megni að hafa áhrif á löggjafar- og framkvæmdarvald þjóðarinnar. Skal í því skyni veita þeim einum fylgi við kosningar til alþingis, bæjarstjórna, sveitarstjórna og annara opinberra trúnaðarstarfa, sem játtast undir stefnu flokksins og fylgja henni fram.

IV. DAGSKRÁRMÁL.

1. Þjóðnýting viðskifta og framleiðslu.

Ríkið hafi á hendi verzlun með aðfluttar og útfuttar vörur, svo sem kornvörur, sykurl, steinolíu, kol, lyf og tóbak, saltfisk, síld, kjöt, ull o. s. frv. og hafi einkasölu á þessum vörum. Ríkið hafi á hendi rekstur járnbrauta, síma, pósts, flutningaskipa, bankarekstur og tryggingar.

Ríkið taki að sér rekstur framleiðslufyrirtækja svo sem náma-rekstur, fossastórvirkjun, stór-íðnað og stórskipaúngerð til fiskveiða og hvalveiða (ef teknar verða upp aftur).

Par sem ríkisrekstri er komið á að nokkru eða öllu leyti skulu verkamenn eða samtaka- stjórnir þeirra með kjörnum fulltrúum hafa

þátttöku í stjórn fyrirtækjanna og eftirlit með þeim.

Ríkið styðji samvinnu- og sameignarfyrirtæki í viðskiftum og framleiðslu með hentugri lög-
gjöf og fjárveitingum til fræðslu um þau mál.

2. Skattamál.

Afnema skal tolla af innflutum nauðsynja-
vörum.

Þann hluta af tekjum ríkisins, sem ekki fæst með arði af framleiðslufyrirtækjum, sem ríkið rekur, skal taka með beinum sköttum:

a) *Eigna- og tekjuskattur*: Undanþiggja skal skatti hæfilegan framfærslueyri manns og auk þess hæfilegan framfærslueyri fyrir hvern ómaga, sem hann elur önn fyrir, en síðan fari skatturinn hækkandi í vaxandi hlutfalli við tekjur og eignir.

b) *Erftðaffjárskattur*: Skattur af arfi til nærarla svo og skattur af gjaförfum og dánargjöfum fari stíghækkandi upp að ákveðnu marki, sem arfahluti má ekki fara yfir. Það, sem þar er fram yfir, svo og arfahlutar, sem enginn nærarfi kallar til, renni í ríkissjóð.

c) *Verðhækkunarskattur* af öllum lóðum og lóndum að því leyti sem verðhækkunin stafar af almennum framförum landsins eða aðgerðum þjóðfélagsins. Skattur þessi skiftist eftir ákveðnum blutföllum milli landssjóðs

og sveitar- (eða bæjar-) sjóða. Ennfremur skattur er komi á verðhækkun þá sem þegar er orðin á lóðum og lóndum, og komi hann niður á löngu tímabili.

3. Bankamál.

Aðalbanki landsins sé eign þjóðarinnar og hafi enginn annar banki rétt til vörzlu sparisjóðsfjár, seðlaútgáfurétt, skattfrelsi né önnur sérréttindi. Hann sé rekinn sem þjóðnýtt stofnun, með hag atvinnuveganna en ekki peningagróða bankans fyrir augum.

Til þess að efla framleiðslu, gagnlegar framkvæmdir og sameignarviðskifti skal með lögum stuðlað að stofnun sparisjóða og lántökufélaga með samvinnusniði viðsvegar um land.

4. Mentamál.

Stefnt skal að því, að allir landsbúar geti öðlast alla þá almenna mentun, sem gagnleg getur talist og þeir geta við tekið, og síðan hver einstaklingur þá sérmentun, sem honum er nauðsynleg í lífsstarfi sínu. Í þessu skyni skal vanda til almennra skóla eftir föngum, stofna sérfræðiskóla og gera vel við kennara, veita efnilegum námsmönnum nægilegan fjárstyrk til fullnaðarnáms og fræðimönnum til vísindaiðkana. Íþróttir skulu kendar við alla skóla og alt gert til að auka þekkingu á þeim. Ríkið gefi út allar

trauðsynlegar kenstlubækur og aðrar fræðibækur, sem þjóðinni eru til nytsemdar.

Öll opinber skólafræðsla sé ókeypis.

5. gr. Afengisbann.

Flókkurinn fylgir aðflutnings-, tilbúnings- og sölubanni á áfengi.

6. Lög og réttur.

Umboðsvald og dómsvald sé aðskilið. Lög landsins yfirleitt séu sett í kerfi og stytta eftir því sem unt er. Hegningarlöggjöfin sé endurskoðuð og breytt í mildari og mannúðlegri átt. Sé stefnt að því að bæta þá brotlegu en ekki hegna þeim. Kosningarlögum sé breytt þannig, að hver íslenskur borgari, karl eða kona, öðlist kosningarrétt til sveita- og bæjarsjórna og alþingis með lögræðisaldri. Atvinnulöggjöfin sé endurskoðuð og rannar skorður settar við því, að spilt sé með erfðri eða óhollri vinnu líkamlegri eða andlegri heilbrigði manna.

7. Öryrkjaframfarsla.

Hver sá, sem ekki er fær um að sjá fyrir sér sjálfur eða skylduómögum sínum, skal eiga rétt á að fá styrk til nægilegs lífsviðurhalds af almannafé, án nokkurs réttindamissis. Koma skal á fót og reka með almannafé uppeldisstofnanir fyrir börn, sem munaðarlausa eru eða foreldrar geta ekki annast. Einnig skal stofna

og reka á sama hátt hæli fyrir umkomulausa og örvasa gamalmenni.

8. Alþjóðtryggingar.

Sjúkratrygging. Sjúkum mönnum skal veitt ókeypis læknishjálp og sjúkrahússvist og sé hvorttveggja greitt af almannafé og varði í engu réttindamissi.

Slysatrygging. Hver atvinnurekandi, sem verkafólk hefir í þjónustu sinni, sé skyldaður til að kaupa því trygging í opinberum tryggingarsjóði fyrir fébótum vegna slysa, sem verða við vinnuna eða standa í beinu eða óbeinu sambandi við hana.

Atvinnuleysistrygging. Setja skallög sem skylda atvinnurekandur til þess að kaupa verkafólki sínu trygging í almennum tryggingarsjóði gegn atvinnuleysi. Hrökkvi ekki slíkar tryggingar til, eða verði mikill atvinnuskortur vegna hallæris eða annara óvenjulegra atvika, skulu sveitarfélög skyld, með tilstyrk ríkisins, að stofna til atvinnu.

9. Heilbrigðismál.

Áherzla skal lögð á almenna fræðslu um varðveislu heilsunnar. Ekkert sé sparað til þess að lækna geti fengið sem fullkornasta mentun í fræðigreini sinni. Laun lækna skulu ákveðin með það fyrir augum, að þeir þurfi ekki að selja læknisverk. Lækna skal skipa svo marga

sem nauðsyn krefur og koma upp sjúkrahúsum svo víða og svo stórum, að þeirra sé aldrei skortur.

Opinbert eftirlit sé haft með húsakynnum manna, einkum í kaupstöðum og komið í veg fyrir, að menn búi í heilsuspillandi híbýlum.

10. Landbúnaðarmál.

Til eflingar landbúnaðinum skal koma upp fyrirmyndarbúum og tilraunastöðvum á ríkiskostnað í sem flestum héruðum. Skal í sambandi við þau auka, með námskeiðum, fyrirlesturum og sýningum, þekkingu manna á hagnýting nýjustu véla og jarðyrkjutækja og öðru sem lýtur að nútíðar sveitabúskap. Samvinnubúskap bænda skal styrkja með hagfeldum peningalánum.

Sérstök stofnun skal hafa með höndum umbætur á erlendum landbúnaðartækjum og vélum til þess að breyta þeim eftir héraendum staðháttum. Hún skal einnig veita aðstoð mönnum, sem fást við nýjar upplundningar eða umbætur á vélum eða verkætum yfirleitt.

Ábúðarlöggjöfni skal breytt í þjóðnýtara horf. Landsetum ríkissjóðs skal veitt lífstíðar-ábúð. Sölu þjóðjarða og kirkjujarða sé hætt.

Þar sem landrými er nóg og góð skilyrði fyrir hendi til smábýla og samvinnubúskapar skulu stórjarðir teknar eignarnámi til þess að bæta úr jarðnæðisleysi og auka ræktun lands-

ins. Séu áveitur eða aðrar stórfeldar jarðabætur styrktar af almannafé, skal eins farið að, ef sömu skilyrði eru fyrir hendi.

11. Sjávarútvegsmál.

Meðan stórskipautgerð til fiskveiða er ekki þjóðnýtt skal opinbert eftirlit haft með útgerðinni og sölu sjávaraturðanna, og fiskimönnum heimilað að láta kjörna fulltrúa af sinni hálfu taka þátt í því eftirliti. Eftirlit skal aukið með útbúnaði skipa og báta, og aðbúð sjómanna á skipum háð eftirliti fulltrúa er þeir skipa til þess. Ahersla skal lögð á að bæta lendingar og gera bátahafnir alstaðar þar, sem bátautvegur er rekinn, eða sérstaklega góð skilyrði eru fyrir hendi til smábáta- og vélbátautgerðar. Vitum og sjómerkjum skal fjölgað, veðurathugunarstöðin aukin og styrkt ríflega svo hún komi að tilætludum notum.

Strandvarnirnar skal efla að mun og gera þær sem fyrst innlendar, og vinna að því, að landhelgin verði færð út.

12. Fossamál.

Fossaafl landsins skal hagnýta í þarfir þjóðarinnar sem allra fyrst, en á þann hátt, að hagar verði að fyrir þjóðina í heild sinni.

Öll fyrirtæki til fossavirkjunar skal hið opinbera eitt eiga og annast um rekstur þeirra hvort sem orkan er notuð til stóriðjurekstrar, eða hún

er seidd til heimilisnotkunar einstökum mönnum.

13. *Útanríkisráð.*

Vinna skal að og efla vinsamlega samvinnu og viðskifti við aðrar þjóðir, en sporna af al-efli við ásælni og yfirgangi erlends valds, auðs eða yfirdrottnunar.